



Akureyri, 15. ágúst 2022

## Umsögn bæjarráðs Akureyrarbæjar á frumvarpi til laga um sýslumann

Bæjarráð Akureyrarbæjar gerir eftirfarandi athugasemdir við framkomið lagafrumvarp um sýslumann sem nú liggur fyrir í Samráðsgátt stjórnvalda:

- Bæjarráð Akureyrar fagnar þeim markmiðum lagafrumvarpsins sem er að finna í drögunum um að byggðar verði upp öflugar og nútímalegar þjónustueiningar um land allt, líkt og fram kemur í 1. kafla greinargerðarinnar sem fylgir lagafrumvarpinu og að efla eigi starfsemi embættanna á landsbyggðinni. Þær breytingar eru löngu tímabærar og munu auðvelda aðgengi borgaranna um allt land að þjónustu sýslumanna.
- Bæjarráð leggur áherslu á að mikilvægt sé að hafa í huga að þó svo stafrænar lausnir bæti þjónustuna fyrir þorra íbúa þá gildir það ekki fyrir alla. Þannig sýna nýlegar danskar rannsóknir (sbr. umfjöllun í morgunútvarpi RÚV þann 21. júlí s.l.) að allt að 20-25% landsmanna fara á mis við eða eiga í verulegum erfiðleikum með að nýta sér opinberar stafrænar lausnir, fyrst og fremst eldri borgarar og jaðarsettir íbúar. Af þessum ástæðum er þörf á að bjóða upp á símaaðstoð vegna samskipta við hið opinbera, á meðan hin stafræna umbreyting á sér stað.
- Jákvætt er að staðsetning sýslumannsembætta verði bundin í lögum, sbr 3. gr. lagafrumvarpsins. Reynslan hefur sýnt að viðamiklar sameiningar ríkisstofnana verða oftast en ekki til þess að starfsemin í dreifðum byggðum dregst saman, starfsfólki, oftast á landsbyggðinni, fækkar og í verstu tilfellum er starfsemi lögð niður eða flutt annað. Áhrifin verða gjarnan líka þau að sjálfstæði og umfang stofnananna minnkar. Því er afar mikilvægt að bæði staðsetning skrifstofanna sem og þau verkefni og umsvif þeirra verði bundin í lög og staðsetning þeirra ekki háð geðþótta stjórnmalafólks.
- Mikilvægt er að unnið verði að því að auka samstarf við aðrar ríkisstofnanir og sveitarfélög og bæta þannig þjónustu við almenning. Bæjarráð Akureyrarbæjar hvetur því Alþingi til þess að skoða vandlega þau verkefni sem færa má undir embættin til þess að styrkja þau og þar með að efla nærþjónustu við íbúa alls landsins.

- Fjöldmargir hafa vakið athygli á því, m.a. sýslumenn sjálfir, að embætti sýslumanna um allt land geta tekið við fleiri verkefnum. Það vekur furðu að ekki hafi verið orðið við því, þar sem um mikilvægt byggðamál er að ræða. Frumvarpið mun hafa mikil áhrif á starfsfólk og þjónustu sýslumannsembættanna. Engin kostnaðaráætlun er lögð fram með greinargerðinni og því óljóst hvort farið sé fram með lagafrumvarpið til þess að lækka kostnað eða til þess að fjölga verkefnum og bæta þjónustu.
- Mikilvægt er að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að sérhæfðari verkefni verði hýst á landsbyggðinni ásamt almennri þjónustu, í takti við byggðastefnu og þriðja markmið laganna. Við bendum á og bjóðum í því samhengi fram Akureyri, sem ákjósanlega staðsetningu fyrir embætti sýslumanns og höfuðstöðvar.
- Tímasetning birtingar á drögum að frumvarpi til laga um sýslumann og tímafrests sem gefinn er til athugasemda vekur furðu. Drögin að frumvarpinu birtust í Samráðsgátt stjórnvalda þann 13. júlí 2022 sl. og upphaflegur umsagnarfræstur var 31. júlí, sem síðar var framlengdur til 15. ágúst. Tímasetningin er afar sérstök þegar litið er til þess að um er að ræða aðal orlofstíma ársins og bæði bæjarstjórnir og starfsfólk sveitarfélaga er oftast ekki í sumarleyfum.

Að öðru leyti gerir bæjarráð ekki athugasemd við framlagt frumvarp.